


Fornleifaskráning í Grindavík í landi Húsatófta og Járngerðarstaða

**Vegna tveggja valkosta lagnar frá niðurdælingarstöð
suðvestan við Svartsengi fram í sjó vestan Grindavíkur**



**Mái 2012
Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA**

EFNISYFIRLIT:

Inngangur.....	2
Tilgangur fornleifaskráningar.	4
Forsendur fornleifaskráningar.	6
Sögulegar heimildir:.....	8
Járngerðarstaðir.....	9
Fornleifaskráning Járngerðarstaðir.	10
Húsatóftir	15
Fornleifaskráning Húsatóftir	16
Fornleifaskráning Járngerðarstaðir.	17
Niðurstöður:.....	21
Samantekt á niðurstöðum.....	23
Heimildaskrá:	25
Kort með fornleifunum	26

INNGANGUR

Í nóvember 2011, vann ég Katrin Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, fornleifaskráningu að beiðni Björns H. Barkarsonar fyrir VSÓ ráðgjöf vegna niðurdælingarlagnar HS orku sem fyrirhugað var að leggja frá dælustöð suðvestan Svartsengis sem er í landi Járngerðarstaða. Lega lagnarinnar var áætluð í suður niður að sjávarmáli vestan Grindavíkur í landi Húsatófta.

Vegna áforma um aðrar legur fyrirhugaðrar ofangreindar lagnar var mér falið að skoða hinar nýju lagnaleiðir með tilliti til fornleifa sem gætu verið á lagnaleiðunum.

Svæðið sem fyrirhugaðar lagnir liggja um er í landi Járnsgerðastaða og Húsatófta. Það eru sömu lönd sem fyrst var skoðuð vegna áætlaðrar lagnaleiðar.

Í landi Járngerðarstaða eru skráðar fornleifar sex. Í landi Húsatófta eru skráð ein fornleif.

Lagnaleiðirnar eru tvær, vestari lagnaleiðin er að hluta til vestan við þá lagnaleið sem skoðuð var 2011, og rennur síðan saman við hana og fylgir henni út í sjávarmál.

Hin leiðin er austan við lagnaleiðina sem skoðuð var 2011. Athugað var um 100 m landsvæði báðum megin væntanlegrar legu lagnanna.

Vestari leiðin sem er um 2 km löng liggur til suðurs áður en hún sameinast valkosti lagnar sem skoðuð var 2011. Lögnin fylgir jarðstrengsslóða á um 400 metra kafla. Slóðinn var lagður um 1950 á vegum hersins vegna jarðstrengslagnar. Þar sem lagnaleiðin sleppir jarðstrengslögninni, liggur hún um 11-12 hundruð m um mosavaxið nokkuð slétt hraunlandslag sem er liggur samhliða úfnum hraunkanti. Þá sameinast lögnin legu lagnarinnar sem var skoðuð í nóvember 2011 og fylgir henni út í sjávarmál.

Austari valkostur fyrirhugaðrar lagnar er um 4.5 km langur, liggur frá dælustöðinni í suður og sameinast upphaflegu útrásinni út við sjávarmál. Frá dælustöðinni liggur lögnin um úfið hraunið. Þegar kemur að girðingu kringum hersvæðið er lega lagnarinnar um 210 m frá henni þar sem hún er næst henni. Frá girðingunni er hraunið minna úfið og landið út frá girðingunni grasvaxið og þar má sjá leifar framkvæmda sem gerðar hafa verið á vegum hersins. Þegar girðingu hersins sleppir tekur við úfnara hraun sem liggur að girðingu sem liggur í austur-vestur í landinu, þannig að lögnin fer í gegnum girðinguna. Sunnan við girðinguna taka við hraunbollar í mosavöxnu landinu. Þá er áætluð lega lagnarinnar rétt vestan við malarnámu vestan Grindavíkur. Þá taka við sandflákar með klöppum sem liggja niður að þjóðveginum og neðan hans skiptast á malar- og grasflákar. Þar á lögnin að sameinast upphaflegri útrás lagnarinnar sem skoðuð var 2011.

Fyrirhugaðar framkvæmdir rjúfa gönguleiðina um Reykjaveg og Járngerðarstaðaaflleggjara, sem liggur frá hersvæði vestan Grindavíkur í suðvestur og sameinast Árnastíg sem liggur suður-norður, nokkru sunnar en Reykjavegur sem liggur í austur-vestur. Þá er slóði sem liggur frá svæði hersins í norður í gegnum landið. Í austurkanti slóðans er jarðstrengur. Fyrirhugaðar lagnaleiðir munu liggja í gegnum slóðana. Á skráningarsvæðinu liggja margir stígar og troðningar sem ekki hafa nein heiti, og er því ekki gerð sérstök grein fyrir þeim í þessari skráningu. Um 180m í norðvestur frá mótum Járngerðarstaðaaflleggjara og lagnaslóða hersins er hringlaga steinsetning. Þá eru hleðslur í hraungjótum niður við þjóðveginn sem huga þarf að ef valin er vestari lega lagnarinnar.

Vettvangsvinna fornleifaskráningarinnar fór fram 27. og 29 apríl 2012.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fenginn hjá VSÓ.

Fornleifaskráning í Grindavík var gerð á árunum 2002-2004 af Fornleifastofnun Íslands í þremur áföngum:

1. áfangi Fornleifastofnun Íslands. Fornleifaskráning í Grindavík. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. FS192-02151 Reykjavík 2002.
2. áfangi Þóra Pétursdóttir, Fornleifaskráning í Grindavík. Fornleifastofnun Íslands FS184-02152 Reykjavík 2002.
3. áfangi Þóra Pétursdóttir. Fornleifaskráning í Grindavík. Fornleifastofnun Íslands. FS244-02153 Reykjavík 2004.

Þakkir til heimildarmanna Óskars Sævarssonar landvarðar Reykjanesfólkvangs og Ólafs Rúnar Þorvararsonar kennara í Grindavík.

Undirrituð, Katrín Gunnarsdóttir, tók ljósmyndir skýrslunnar.

Fornleifaskráningin fylgir rafrænt á tölvudiski.

Lofthmynd af svæðinu sýnir skráningarsvæðið, og eru fornleifar merktar inn á hana með því númeri sem þær eru merktar í Fornleifaskránni.

TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til”. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er þó ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Þjörgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. Þjóðminjalaga).

FORSENDUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.

Númer jarðar.

Í **Jarðatali J Johnsen** frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Síðan fær hver fornleif á viðkomandi jörð undirnúmer sem telur fjölda skráðra fornleifa innan landamerkja jarðarinnar.

Sérheiti.

Hafi fornleif ákveðið **heiti** er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

Lega og staðhættir.

Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til **legu og staðháttu**, með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta.

Tegund minja.

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð í fornleifaskráninguna.

GPS staðsetning.

Samkvæmt vinnureglu er **GPS hnit í kerfinu Ísnet 93** tekið sem næst miðju fornleifar og, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

Lýsing.

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, veggjahæð, steinastærð í hleðslum, ásamt einkennandi þáttum og almennu ástandi á skráðri fornleif.

Aldur.

Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum:

-1550, 1550-1900 og 1900-. Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé **ártal** hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

Ástand.

Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: **Ágætt** ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, **Sæmilegt** ef fornleif er nokkuð heilleg, **Lélegt** ef fornleif er mikið röskuð og **Horfin** ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

Hættumat.

Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: **Ábúð, Nýbyggingar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Skógrækt, Skógrækt og göngufólk, Landbrot, Annað.**

Hætta.

Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum: **Mikil, Talsverð, Lítil og Engin**. Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleif t.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

Friðlýsing.

Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í Skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð, ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðuð hafi átt sér stað.

Minjagildi.

Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: **Hátt, Talsert, Lítið og Ekkert**.

Athugasemdir.

Inn í **athugasemdir** eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu. Þar er enn fremur að finna texta er rökstyður tillögu skrásetjara um merkingar á vettvangi t.d. með tilliti til umferðar, ágangs eða vegna menningarsögulegra ástæðna.

Heimildir.

Vísað er til **heimilda** um hverja fornleif fyrir sig, jafnt ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

Ljósmyndir.

Myndreitir eru til innskönnunar fyrir myndir. Myndtexti segir til um í hvaða átt mynd er tekin, og annað sem er auðkennandi fyrir viðkomandi fornleif.

Teikningar.

Við skráningu fornleifa á vettvangi er viðkomandi fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti og er jafnan er stuðst við niðurstöður áttavita. Sé fornleif mæld upp er þess sérstaklega getið í texta með teikningunni.

SÖGULEGAR HEIMILDIR:

Grindavíkurhreppur liggur með suðurströnd Reykjaness frá Valahnúk að vestan, sem skilur land og reka Grindavíkur og Hafna, austur að Seljabót, en þar austan við tekur við Sveitarfélagið Ölfus. Að norðan eiga Grindvíkingar sveitarfélagamörk á mótis við Reykjanesbæ, Sveitarfélagið Voga og Hafnarfjörð.

Almennt um Grindavík

Í Grindavíkurhreppi var margbýlt á flestum jörðum, og hjáleigur og tómthús voru nokkuð mörg, enda ekki síður treyst á sjósókn en búskap í þessari sjávarsveit. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 eru byggðar hjáleigur 27 talsins. Í Jarðatali Johnsens 150 árum síðar eru þær 23. Búseta á hjáleigum og afbýlum fór þó mjög eftir árferði, spratt upp í góðærum en dróst saman þegar harðnaði í ári, og hefur því verið mjög breytileg í gegnum aldirnar. Bygging hjáleiga og þurrabúða var að mestu hætt þegar kom fram á 20. öld, en í staðinn var tekið að reisa nýbýli, oft í landi eldri bújarða. Af dreifingu byggðar í Grindavíkurhreppi má greina þrjá byggðarkjarna eða „hverfi“, Staðarhverfi vestast, þá Járngerðarstaðarhverfi og loks Þórkötlustaðarhverfi.

Um aldamótin 1800 var byggð í Grindavík með sama sniði og þá hafði verið um aldir. Fjölmennast var í hverfunum þremur og Járngerðarstaðarhverfi þeirra stærst og þéttbýlast með 59 íbúa. Alla 19. öldina hélt byggðin í Járngerðarstaðarhverfi áfram að vaxa og styrkjast, og við upphaf 20. aldar var þar orðið til þorp, við og umhverfis Hópið.

Lögbýli

Lögbýli á skráningarsvæðinu, átta talsins, eru ef talið er frá vestri til austurs: Staður, Húsatóftir, Járngerðarstaðir, Hóp, Þórkötlustaðir, Hraun, Ísólfskáli og Krýsuvík. Staðsetning allra lögbýlanna í hreppnum er kunn, enda var búið á þeim öllum fram á 20. öld.

Náttúrufar

Náttúrufar í sveitarfélaginu einkennist af þeim miklu eldsumbrotum sem þar hafa orðið á nútíma og sögulegum tíma, og er stór hluti svæðisins óbyggilegur af þeim sökum. Víða meðfram ströndinni og á milli hraunbreiðanna eru þó fagurgrænir og búsældarlegir vellir þar sem byggð hefur staðið öldum saman. Landbrot sjávar hefur verið, og er, mjög mikið og færirst strandlínan ört upp í landið. Auk þess hefur uppblástur verið mikið vandamál og hafa þannig áður gróin og nýtileg svæði orðið að örfoka melum.¹

¹ Þóra Pétursdóttir 2004. Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi. bls. 8,17,20

JÁRNGERÐARSTAÐIR

Í Vilkinsmáldaga frá 1397 kveður á um kirkjutíundargreiðslur, legkaup og legsöngskaup Járngerðarstaðamanna, og ber Járngerðarstaðamönnum samkvæmt því að greiða legsöngskaup til Staðar en ekkert legkaup.²

Jarðabók 1703: Dýrleiki er óviss . Eign Skálholtsstaðar. Selstöðu hefur jörðin og brúkar þar sem heitir Baðsvellir. Hjáleigur: Vallarhús, Lambhús, Kvíhús, Hrafnshús, Akurhús, Gjáhus, Krosshús, Garðhús, Hlaðhús. Búðir til forna: Gullekra (tómthús), Krubba (tómthús) og Litlu Gjáhus. Heimræði er árið um kríng og lending í betra lagi. Engjar öngvar.³

1803: Hjáleiga: Nyrðra-Garðshorn.⁴

Jarðatal Johnsens 1847: Kirkjustaður. Bændaeign, Dýrleiki á 125 hdr. Landskuld:1,40. Kúgildi eru tvö, Ábúendur eru 2 leiguliðar. Í skýringum segir: Sýslumaður nefnir eigi hjáleigurnar, en honum ber saman við prest í leiguliðatölunni á allari jörðinni. Lsk. og kúgildi á hjáleigunum eru hér talin eftir Á. M. Jb 1803 telur og eyðihjáleigu Nyðra Garðshorn, hvernar nú eigi er getið. Í Jarðatali eru Járngerðarstaðir númer 17.⁵

Enn er búið á Járngerðarstöðum, Hópi, Þórkötlustöðum og Hrauni, þótt búskapur sé þar ekki mikill. Staður fór í eyði árið 1964, og hafa flestöll hús þar verið rifin og tún að miklu leyti sléttuð. Þar er þó enn kirkjugarður Grindvíkinga, þótt sóknarkirkja hafi ekki verið þar síðan 1909.⁶

Náttúrufar og jarðabætur.

1840: Eigi er fagurt á Járngerðarstöðum, því þó þar ei sé ýkja illa húsað, þá stendur bærinn og allt hverfi þetta nema Krosshús niður í dæld eða dalverpi, og er þaðan hvergi víðsýnt.⁷

Í örnefnaskrá segir: Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér.⁸

Þýfð hafa tún verið á Járngerðarstöðum, en eru mikið sléttuð í seinni tíð af bóndanum Þórði sál. Einarssyni og þar núverandi bónda sr. Einari Jónssyni. Hafa og nokkrir hjáleigubændurnir í seinni tíð þessa jarðarbót eftir þeim upp tekið. - Bæði í túninu og utantúns eru djúpar vatnsgjár, í hverjar sjór fellur að í og út; í sumum þeirra er oft veiddur áll, og mætti þó mikið meira veiða, ef atorka væri og rækt við höfð. Það hafa Járngerðarstaðir til landkosta fram yfir Stað og Húsatóttir og meiri en nokkurt annað býli í þessari sókn, að fyrst er þar nóg vatn í gjám þessum handa fénaðinum, og svo í öðrum smá stöðutjörnum, eins og líka þar er grasgefnast utantúns, þó eigi megi hagar heita. Mætti þó halda þar fáum skepnum heima á sumardag, hvað ekki má heita mögulegt á Stað og Húsatóttum.⁹

² Íslenskt fornbréfasafn IV. Bls. 101-102

³ JÁM III, Bls. 15,16.

⁴ Landnám Ingólfs III 137-138

⁵ J.Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn 1847. bls. 84.

⁶ Þóra Pétursdóttir 2004. Fornleifaskráning í Grindavík 3. áfangi.bl.9.

⁷ Landnám Ingólfs III,137-138

⁸ Ö-Járngerðarstaðir SS, 1.

⁹ Landnám Ingólfs III,137-138

Fornleifaskráning Járngerðarstaðir.

Vestari valkostur lagnalegu.

17-107



Horft til vestnorðvesturs eftir Reykjavegi, þar sem lega lagnar er áætluð.


Sérheiti:	Reykjavegur.
Lega staðhættir:	Á því svæði þar sem fyrirhuguð lögn á að liggja sker lagnaleiðin Reykjaveg, sem liggur austur-vestur í landinu, um 320 m í vestur frá dælustöð Svartsengis.
Tegund minja:	Leið.
Staðsetning:	ÍSNET 93: Hnit 54 N: 377940,61 W: 328851,29 (Hnit tekin á milli austari og vestari lagnaleiðar.)
Lýsing:	Reykjavegur liggur vel sýnilegur í landinu, að auki hefur lega hans verið merkt með stikum sem eru blámálaðar í toppinn á þessu svæði. Breidd vegarins er um 0.50- 0.80 m.
Aldur:	Frá 1996.
Ástand:	Gott.
Hættumat:	Lagning niðurdælingarlagnarinnar.
Hætta:	Mikil hætta.
Minjagildi:	Talsvert.
Athugasemdir:	Leiðin Reykjavegur var stikuð sumarið 1996. Að því verki komu Framkvæmdanefndir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum undir forystu Péturs Rafnssonar, ásamt Ferðamálasamtökum Suðurnesja, Útivist, Ferðafélagi Íslands og fleirum sem áhuga höfðu á þessari aðgerð. Heildarlengd Reykjavegarins er 125 km frá Reykjanesi til Nesjavalla, en um 145 km ef farið er alla leið til Þingvalla
Heimildir:	Gunnar H. Hjálmarsson 2002. Útivist 2. tbl. 1.árg, Reykjavegurinn, bls. 36-44.

17-108



*Horft til norðurs eftir slóðanum þar sem lega lagnarinnar er áætluð.
Jarðstrengurinn í kantinum til hægri.*

Sérheiti:	Vegslóði, jarðstrengur.
Lega staðhættir:	Slóðinn/jarðstrengurinn virðist sameinast Járngerðarstaðaleið innan girðingar radarstöðvarinnar samkvæmt loftmyndum, og liggur frá girðingunni til norðvesturs.
Tegund minja:	Vegslóði.
Staðsetning:	ÍSNET 93: Hnit frá VSÓ – 17 N: 328776 W: 377935 16 N: 328722 W: 377659
Lýsing:	Slóðinn er um 4-6 m breiður. Jarðstrengur liggur í austurhlið slóðans, og er hlaðið að honum lausagrjóti, hleðsluhæð um 0.25-0.30 m. Lagnaleiðin mun fylgja slóðanum um 500 m til suðurs.
Aldur:	Um 1950.
Ástand:	Ágætt.
Hættumat:	Lagning niðurdælingarlagnarinnar.
Hætta:	Talsverð.
Minjagildi:	Lítið.
Athugasemdir:	Upplýsingar um vegslóðann/jarðstrenginn eru fengnar hjá Ingvari Þór Gunnlaugssyni sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur.




Horft til suðurs yfir Járngerðarstaðaaflleggjara. Lagnaleið.

Sérheiti:	Járngerðarstaðaaflleggjari/vegslóði.
Lega staðhættir:	Slóðinn liggur frá Nesvegi á mótis við Ásabraut til norðvesturs. Þá liggur hann í gegnum svæði hersins og yfir Blettahraun og sameinast Árnastíg sunnan við Reykjaveg.
Tegund minja:	Slóði/leið.
Staðsetning:	ÍSNET 93: Hnit 42 N: 377178,87 W:328580,58 Hnit sem er nálægt er: Hnit 41 N: 377095,05 W:328604,99
Lýsing:	Lega slóðans er nokkuð sýnileg á þessu svæði, en hann fylgir landinu sem liggur í lágum hæðum í mosavöxnu hraunlandslagi. Breidd slóðans er á þessu svæði um 2-3 m. Hnit. Við hnit 42 mun slóðin rofna, og frá hnit 42 að 41 liggur slóðinn aðeins nokkra metra vestan við hann.
Aldur:	Um 1550-1900.
Ástand:	Sæmilegt.
Hættumat:	Lagning niðurdælingarlagnarinnar.
Hætta:	Mikil.
Minjagildi:	Hátt.
Athugasemdir:	Þessi leið er ekki nafngreind yfir gönguleiðir, sbr. Gönguleiðakortið "Af stað Reykjanes. Myndakort" gefið út af Loftmyndum ehf, Laugavegi 13, 101 Reykjavík. Það er þó greinilega hægt að fylgja slóðanum að mesu leiti á loftmyndum sem til eru af þessu svæði. Það er þó óljóst út við girðingu hersins hvar hann liggur, en lagnastígur frá hersvæðinu hefur raskað landinu. Samkvæmt heimildarmanni taldi hann að þarna væri Járngerðarstaðaaflleggjari sem hefði legið upp að Árnastíg. Þessi leið hefði verið farin til forna, en hún hafi verið aflögð og misst gildi sitt þegar aðrar leiðir urðu aðgengilegri. Eftir að herinn fékk afnot að hluta af því landsvæðið sem slóðinn liggur um var hann heldur ekki eins ákjósanleg gönguleið og margar aðrar gönguleiðir á þessu svæði sem eru vinsælar hjá útivistarfólki. Slóðinn er þó genginn af og til sem forn leið.
Heimild:	Heimildarmaður: Óskar Sævarsson í nóvember 2011.

17-104



Horft að réttinni í norður.



Teikning: Réttin.

Sérheiti:

Rétt.

Lega staðhættir:

Um 440 m í norðnorðaustur frá Sundavörðu sem er ofan Nesvegjar þar sem farið er yfir sendið land með einstaka hraunbreiðum, þá kemur að uppgrónum hraunjarðri þar sem eru hraunkvosir.

Tegund minja:

Náttúrminjar/hleðsla.

Staðsetning:

ÍSNET 93: 374935,52 328319,17

Lýsing:

Náttúrulega mynduð hraunkvos sem er um 8x9 m² í botninn. Hraunveggir kvosarinnar er hæstir við endavegg, eða um 5-6 m, en lækkar í 4-5 m að inngangi. Við endavegg hefur sandfláki runnið í réttina. Í innganginum er hleðsla sem minnkar opið inn í kvosina. Hleðslur eru mjög signar og mosavaxnar, hleðsluhæð um 0.40 m og veggjaþykkt allt að 1 m.

Frá fyrirhugaðri lögn eru aðeins tæpir 15 m að kvosinni.

Fyrirhuguð lega lagnarinnar liggur á hafti milli tveggja kvosa, þar sem vestari kvosin er sú sem réttin er í, en haftið yfir í austari kvosina er um 25-30 m breitt. Ekki virðast vera neinar hleðslur í austari kvosinni.

Aldur:

1550-1900.

Ástand:

Ágætt.

Hættumat:

Lagning niðurdælingarlagnarinnar og lagnavegar.

Hætta:

Mikil hætta.

Minjagildi:


Hátt.

Athugasemdir:

Um 7-8 m í vestur frá réttarkvosinni er minni kvos, þar sem einnig má greina hleðslur, má leiða líkum að því að þetta sé stekkur (17-104) frá réttinni.



Horft að stekknunum í austur.



Teikning: Stekkurinn.

Sérheiti:

Stekkur.

Lega staðhættir:

Um 440 m í norðnorðaustur frá Sundavörðu sem er ofan Nesvegjar, þar sem farið er yfir sendið land með einstaka hraunbreiðum, þá kemur að uppgrónum hraunjarðri þar sem eru hraunkvosir.

Tegund minja:

Náttúrminjar/hleðsla.

Staðsetning:

ÍSNET 93: 374941,53 328307,21

Lýsing:

Náttúrulega mynduð hraunkvos sem er um 6x3 m² í botninn. Hraunveggir kvosarinnar eru um 2-3 m. Við endavegg er smá skúti sem nær um 1 m undir brúnina. Við inngang í kvosina má greina hleðslur til beggja hliða, hleðsluhæð er um 0.40 m. Um 1-2 m fyrir framan op kvosarinnar er hleðsla um 0.40 m á hæð sem hefur skipt upp innganginum í hana. Hleðslurnar eru signar og mosavaxnar.

Aldur:

1550-1900.

Ástand:

Ágætt.

Hættumat:

Lagning niðurdælingarlagnarinnar og lagnavegar.

Hætta:

Mikil hætta.

Minjagildi:

Hátt.

Athugasemdir:

Um 7-8 m í austur frá stekkjarkvosinni er stærri kvos þar sem eru hleðslur, það má leiða líkum að því að þetta sé réttin (17-103) frá stekknunum.

HÚSATÓFTIR

Jarðabók 1703: Dýrleiki óviss. Konungsjörð og lá til Viðeyjarklausturs. "Selstöðu hefur jörðin langvaranlega haft þar sem heitir á Selsvöllum, er þangað bæði langt og erfitt að sækja." Hjáleigur: Kóngshús og Garðhús..¹⁰

Í Sýslulýsingum og sóknarlýsingum frá 1836 segir: "Seld með fleiri kóngsjörðum þetta ár, fyrir 630 ríkisdali í silfri til þáverandi landseta. Höfðu Viðeyingarhér áður útræði." ¹¹

Jarðatal Johnsens frá 1847: Bændaeign. Jarðardýrleiki 33 1/3 hdr. Landskuld 0.80, Kúgildi tvö. Ábúendur: einn, eigandi. JJ, 85. Skýringar: Skoðunargjörð 1755 hermir að lending og bátauppsátur sé við Konungshelli, þar sem verslunarhúsin stóðu síðast. bls. 85.

Í jarðatali Johnsens er einnig skrá yfir seldar konungsjarðir á Íslandi síðan 1760 – 31. desember 1846. Þar er getið um að Húsatóftir sé seld á 642 ríkisdali hin 19. apríl 1837. bls. 435. Í Jarðatalinu er Húsatóftir númer 27.¹²

Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók: "Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað."

Þá segir einnig: Kaupstaður var á Húsatóftum og var lent við Kóngshelli. Jörðin fór í eyði 1946.¹³

Fimm tómthúsbyli voru byggð í landi Húsatófta á árunum 1906-1934; Dalbær (1906-46), Vindheimar (1911-34), Blómsturvellir 33 (1914-22), Hamrar (til 1930) og Reynistaður (1934-38). Á Húsatóftum hefur ekki verið búið síðan 1946 en þar er nú Golfvöllur Grindvíkinga og er heimatúnið því meira og minna rennislétt. Síðasta íbúðarhúsið á Tóptum, reist 1930, er nú klúbbshús golfklúbbsins en nýtt íbúðarhús hefur verið reist í túninu norðaustan þess. Þar er þó enginn búskapur.¹⁴

Náttúrufar og jarðabætur.

Jarðabók 1703: "Túnið er á næstliðnu vori þann 19. maí virt aldeilis fordjarfað að fjórðungi sínum. Þeir eftirverandi fjórðungar mjög spiltir af sandi og enn hætt við meiri skaða. Engjar öngvar. Mestalt land jarðarinnar hraun og sandi undirorpið." Í Sýslulýsingum og sóknarlýsingum 1840: "-fyrir norðan og útnorðan túnið er víðast hvar náttúrleg gyrðing af lágum hraunhömrum, sem þar gjá er kölluð; líkt er og fyrir sunnan túnið sjálfgerð gyrðing af sama efni, en þeim mismun, að hér liggur túnið fram á klettana, þar sem það að norðanverðu hefir skýli af þeim og liggur upp undir þá. - Mörgum þykir fallet á bæ þessum því þar eru stór tún, slétt og fögur, þegar í blóma standa; eru þau og allvel ræktuð." ¹⁵

¹⁰ JÁM III, 20

¹¹ SSGK, 136.

¹² J.Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn 1847. bls. 85.

¹³ GB Mannfólk, Bls. 39,91

¹⁴ Þóra Pétursdóttir 2002. Fornleifaskráning í Grindavík 2. áfangi. bls.32.

¹⁵ SSGK, 136.

Fornleifaskráning Húsatóftir

27-101



Horft til suðurs að vörðunni.

Gps: 374559,77 328093,02 - Katrín Gunnarsdóttir: ÍSNET 93. Hnit tekin 13. nóv. 2011.

Hættumat: Engin hættu. Fjarlægð frá fyrihugaðri lögn í austur að vörðunni er um 170 m.

Lýsing og sögulegar heimildir: Úr fornleifaskráningu Fornleifastofnunnar Íslands. Grindavík 2. áfangi 2002: Þóra Pétursdóttir.

GK-027:007 Vörðunes/Vörðunestangi varða mið. Í örnefnaskrá segir: "Fyrir vestan Markhól er Hvalvík...

Vestan Hvalvíkurkletta er Jónsbás, u.þ.b. 80 m breiður... Vestan Jónsbáss er hár malarkampur, sem kallaður er Stekkjartúnskampur... Vestan Stekkjartúnskamps eru klettabásar, nefndir Sölvabásar... Vestan Sölvabása skagar tangi fram í sjó. Heitir hann Vörðunes, en er í daglegu tali nefndur Vörðunestangi. Beint upp af honum, u.þ.b. 1 kílómetra, er stór hlaðin varða.", segir í örnefnaskrá. "Tvær vörður með dálitlu millibili stóðu á bakkanum tæpum 200 metrum austan við Vatnslón. Vörður þessar heita Sundvörður." Varðan er um 800 m austur af bæjarhól 001, fast norðan þjóðvegur í norðaustur frá húsum fiskeldisins. Varðan er í uppgrönu hrauni.

Í örnefnaskrá segir: "Þegar þær bar í háan hraunstand í háhrauninu og í Höskuld, hnjúk austan í Þórðarfelli, þá var verið á réttu Djúpsundi... Var því miði haldið, þar til Hvirflavörður bar saman á Snúningnum. Þá var sveigt til vinstri inn á Staðarvík, en þaðan var greið leið inn í Staðarvör og Tóftarvör, þótt brimhroði væri. Snúningur var nefnt, þar sem beygjan var tekin, og talað um að vera komin á Snúning." Varðan er hlaðin úr hraungrýti og er um 2 m á hæð. Hún er mest um 1,5 m í þvermál og umföru grjóts eru um tíu. Hleðslur standa. Vörðurnar voru áður tvær en aðeins önnur þeirra er enn til staðar. Sú sem er horfin var suðvestar, þar sem hús fiskeldisins standa nú.

Fornleifaskráning Járngerðarstaðir.

Austari valkostur lagnalegu.

17-111



Horft til suðsuðausturs eftir Reykjavegi, þar sem lega lagnarinnar er áætluð.


Sérheiti:	Reykjavegur.
Lega staðhættir:	Á því svæði þar sem fyrirhugð lögn á að liggja sker lagnaleiðin Reykjaveg, sem liggur austur-vestur í landinu, um 240 m í suður frá dælustöð HS orku Svartengis.
Tegund minja:	Leið.
Staðsetning:	ÍSNET 93: N:377940,61 W: 328851,29 (Hnit tekin á milli austari og vestari lagnaleiðar.)
Lýsing:	Reykjavegur liggur vel sýnilegur í landinu, að auki hefur lega hans verið merkt með stikum sem eru blámálaðar í toppinn á þessu svæði. Breidd vegarins er um 0.50- 0.80 m.
Aldur:	Frá 1996.
Ástand:	Gott.
Hættumat:	Lagning niðurdælingarlagnarinnar.
Hætta:	Mikil hætta.
Minjagildi:	Talsvert.
Athugasemdir:	Leiðin Reykjavegur var stikuð sumarið 1996. Að því verki komu Framkvæmdanefndir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum undir forystu Péturs Rafnssonar, ásamt Ferðamálasamtökum Suðurnesja, Útivist, Ferðafélagi Íslands og fleirum sem áhuga höfðu á þessari aðgerð. Heildarlengd Reykjavegarins er 125 km frá Reykjanesi til Nesjavalla, en um 145 km ef farið er alla leið til Þingvalla
Heimildir:	Gunnar H. Hjálmarsson 2002. Útivist 2. tbl. 1.árg, Reykjavegurinn, bls. 36-44.

17-112



*Horft til norðurs eftir slóðanum þar sem lega lagnar er áætluð.
Jarðstrengurinn í kantinum til hægri.*

Sérheiti:	Vegslóði, jarðstrengur.
Lega staðhættir:	Slóðinn/jarðstrengurinn virðist sameinast Járngerðarstaðaleið innan girðingar radarstöðvarinnar samkvæmt loftmyndum, og liggur frá girðingunni til norðvesturs, upp að vegi sem liggur fram hjá niðurdælingarstöðinni í austur vestur, og heldur síðan áfram í landinu til norðurs. Þar sem lögnin mun koma í slóðann er um 810 m frá niðurdælingarstöðinni í suður í gegnum hraunið sem er nokkuð úfið á þessu svæði.
Tegund minja:	Vegslóði.
Staðsetning:	ÍSNET 93: Hnit 52: N: 377305,42 W: 328882,76 Hnit 50: N: 377109,25 W: 328898,29 Hnit 51: N: 377203,97 W: 328856,85 Hnit 53: N: 377399,17 W: 328849,88
Lýsing:	Slóðinn er um 4-6 m breiður. Jarðstrengur liggur í austurhlið slóðans, og er hlaðið að honum lausagríjóti, hleðsluhæð um 0.25-0.30 m. Niðurdælingarleiðslan mun rjúfa slóðann á tveimur stöðum, Lögnin mun síðan rjúfa slóðann við hnit 50 og 52. Áætluð lega lagnarinnar mun liggja um 30 m frá hniti 53 og um 10- 12 m frá hniti 51.
Aldur:	Um 1950.
Ástand:	Ágætt.
Hættumat:	Lagning niðurdælingarlagnarinnar.
Hætta:	Talsverð.
Minjagildi:	Lítið.
Athugasemdir:	Upplýsingar um vegslóðann/jarðstrenginn eru fengnar hjá Ingvari Þór Gunnlaugssyni sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur.



Horft til norðurs yfir Járngerðarstaðaaflleggjara. Lagnaleið.

Sérheiti:	Járngerðarstaðaaflleggjari/vegslóði.
Lega staðhættir:	Slóðinn liggur frá Nesvegi á móts við Ásabraut til norðvesturs. Þá liggur hann í gegnum svæði hersins og yfir Blettahraun og sameinast Árnastíg sunnan við Reykjaveg. Vegslóði með jarðstreng liggur frá girðingu hersins í landinu til suðurs, á um 120 metra kafla er landið sem stígurinn liggur um mjög rótað, Frá jarðstrengsslóðanum er merkjanlegur slóði sem liggur til vesturs upp smá brekku í landinu og er þar kominn Járngerðarstaðaaflleggjari sem síðan er hægt að fylgja í landinu. Slóði/leið.
Tegund minja:	ÍSNET 93: Hnit 47 N: 37677501 W:328896,55
Staðsetning:	Hnit sem liggja nálægt eru: Hnit 34: N: 376776,23 W:328858,52 35 N: 376778,33 W:328837,15 36 N: 376814,44 W: 328831,99 37 N: 376867,16 W: 328822,82
Lýsing:	Lega slóðans er nokkuð sýnileg á þessu svæði, en hann fylgir landinu sem liggur í lágum hæðum í mosavöxnu hraunlandslagi. Breidd slóðans er á þessu svæði um 2-3 m. Áætluð lega lagnarinnar mun rjúfa stíginn við hnit 47 og liggja nálægt vesturhlið slóðans við hnit 34, 35, 36 og 37.
Aldur:	Um 1550-1900.
Ástand:	Sæmilegt.
Hættumat:	Lagning niðurdælingarlagnarinnar.
Hætta:	Mikil.
Minjagildi:	Hátt.
Athugasemdir:	Þessi leið er ekki nafngreind yfir gönguleiðir, sbr. Gönguleiðakortið "Af stað Reykjanes. Myndakort" gefið út af Loftmyndum ehf, Laugavegi 13, 101 Reykjavík. Það er þó greinilega hægt að fylgja slóðanum að mesu leiti á loftmyndum sem til eru af þessu svæði. Það er þó óljóst út við girðingu hersins hvar hann liggur, en lagnastígur frá hersvæðinu hefur raskað landinu.


Samkvæmt heimildarmanni taldi hann að þarna væri Járngerðarstaðafleggjari sem hefði legið upp að Árnastíg. Þessi leið hefði verið farin til forna. En hún hafi verið aflögð og misst gildi sitt þegar aðrar leiðir urðu aðgengilegri. Eftir að herinn fékk afnot að hluta að því landsvæðið sem slóðinn liggur um var hann heldur ekki eins ákjósanleg gönguleið og margar aðrar gönguleiðir á þessu svæði sem eru vinsælar hjá útivistarfólki.

Slóðinn er þó genginn af og til sem forn leið.


Heimildarmaður: Óskar Sævarsson í nóvember 2011.

Heimild:

17-114



Horft til norðurs að brekkunni fyrir miðju og steinsetningunni neðan við hana.



Teikning: Hleðsla, steinsetning.

Sérheiti:

Lega staðhættir:

Óþekkt.

Undir 4-5 m hárra brekku í lægð í landinu þar sem lagnastígur hersins endar í brekkunni, við steinsetninguna. Stígurinn heldur síðan áfram nokkra metra vestar eftir skorningum í landinu og liggur út að girðingu hersins í austur. Frá girðingunni að steinsetningunni eru um 220 m í norðnorðvestur.

Tegund minja:

Staðsetning:

Lýsing:

Hleðsla/steinsetning.

ÍSNET 93: 32 N: 376992,68 W:328757,41

Hringlaga steinsetning, þar sem miðjan er mosavaxinn, Steinastærð um 0.25-0.45m. Steinarnir eru mosavaxnir, og liggja einhlaðnir á jörðinni. Að hluta til við austur-, vestur- og norðurhlið er steinaröðin tvöföld og þreföld sem liggur á jörðinni sem fylgir innstu steinaröðinni.

Aldur:

Ástand:

Hættumat:

Hætta:

Minjagildi:

Athugasemdir:

Um 1550-1900.

Sæmilegt.

Lagning niðurdælingarlagnarinnar.

Ekki mikil.

Hátt.

NIDURSTÖÐUR:

Við jarðrask geta alltaf komið upp áður óþekktar fornleifar.

Í Þjóðminjalögum frá 2001 nr. 107, 31. maí, 13. gr segir: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Á skráningarsvæðinu liggja margir stígar og troðningar sem ekki hafa nein heiti, og er því ekki gerð sérstök grein fyrir þeim í þessari skráningu. Sumir af þeim tengjast veru hersins á þessu svæði sem byggðst upp um 1950. Reykjavegurinn er gönguleið sem var stikuð 1996.

Árnastígur er forn þjóðleið á milli Grindavíkur og Njarðvíkur. Leiðin var rudd af Árna sem fyrrum bjó í Kvídal, litlu koti í Staðartúni, en Húsatóftir eru í Staðarhverfi. Upphaf stígsins er við Húsatóftir í Staðarhverfi austan við golfvöllinn. Árnastígur liggur með Sundavörðuhrauni, með Eldvarparhrauni, misgengi Klifgjár að Þórufelli og Stapafelli og gatnamótum Skipastígs.

Árnastígur liggur um 600 metrum vestar en fyrirhugð lögn og er því ekki í hættu.

Skipastígur er önnur forn þjóðleið milli Grindavíkur og Innri-Njarðvíkur. Upphaf hans er við norðurjaðrar Grindavíkurbæjar, og liggur hann með Lágafelli um Skipastígahraun, með Illahrauni, yfir Eldvarpahraun fram hjá hersvæðinu við Lat, yfir Vörðugjá, um Gíslhellislágar, yfir Rauðamel og áfram áleðis að Fitjum í Njarðvík. Hann er ekki hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þar sem hann liggur um 700 metra í austur frá lögninni.¹⁶

Vestari lagnaleiðin.

Þótt Reykjavegurinn (17-107) teljist ekki til fornleifa á svæðinu og njóti því ekki friðunar samkvæmt fornminjalögum, er hann mikilvægur sem fjölfarin gönguleið sem tengir saman stórt landsvæði með öllum sínum fjölbreytileika í náttúrunni.

Annar vegslóði (17-108) sem fellur undir það að teljast ekki fornleif, er slóði sem tengist veru hersins, en hann fylgir legu jarðstrengs.

Fornleifar sem eru í beinni hættu vegna fyrirhugaðar vesturlagnar eru þrjár:

Slóði/leið (17-109) Járngerðarstaðafleggjari sem liggur frá vestustu byggð í Grindavíkurbæ í gegnum afgirt svæði hersins og liggur til norðvesturs og sameinast Árnastíg rétt neðan við Reykjavegin.

Rétt (17-104) og stekkur (17-105) sem eru í tveimur hraunkvosum, en á milli þeirra er um 7-8 m breið hraunbunga.

Sundavarða (27-101) í landi Húsatófta var hér mæld inn, en áður skráð af Fornleifastofnun Íslands 2002 (027:007). Er skráningin hér eins og hún er í þeirri skrá þar sem forsendur hafa ekki breyst. Skrásetjari nú bætir við ISNET 93 hnitum, ásamt fjarlægð lagnarinnar að vörðunni og mynd af henni.

¹⁶Ferðamálasamtök Suðurnesja: Gönguleiða: Árnastígur Skipastígur.

Austari lagnaleiðin.

Þótt Reykjavegurinn **(17-111)** teljist ekki til fornleifa á svæðinu og njóti því ekki friðunar samkvæmt fornminjalögum, er hann mikilvægur sem fjölfarin gönguleið sem tengir saman stórt landsvæði með öllum sínum fjölbreytileika í náttúrunni. Áætluð lega lagnarinnar mun rjúfa Reykjavegin.

Annar vegslóði jarðstrengur **(17-112)** sem fellur undir það að teljast ekki fornleif, er slóði sem tengist veru hersins, en hann fylgir legu jarðstrengs. Áætluð lega lagnarinnar mun rjúfa vegslóðann.

Slóði/leið **(17-113)** Járngerðarstaðafleggjari sem liggur frá vestustu byggð í Grindavíkurbæ í gegnum afgirt svæði hersins og liggur til norðvesturs og sameinast Árnastíg rétt neðan við Reykjavegin. Áætluð lega lagnarinnar mun lögnin rjúfa Járngerðarstaðafleggjarann.

Þessi fornleif var ekki skráð í skráningunni 2011, en kemur nú inn vegna áætlunar um breytta legu lagnarinnar:

Hleðsla/óþekkt **(17-114)**. Undir brekkurótum er allt að því hringlaga mosavaxin steinsetning. með grasi- og mosavaxinni miðju. Að steinsetningunni er jarðlagnaslóðinn (17-102) vel sýnilegur, en frá brekkunni er hann nokkuð óljós í landinu þar sem hann liggur í skorningum í landinu. og liggur að girðingu hersins.

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM.

Eins og fram er komið munu báðar lagnirnar sú vestari og austri lögnin liggja yfir Reykjaveg (**17-108,113**) sem ekki er fornleif, en hluti af um 145 km langri gönguleið sem liggur frá Reykjanesi til Þingavalla. Leiðin er mjög vinsæl af göngufólki bæði fyrir styttri og lengri göngur. Með tilliti til þess væri hægt að ganga þannig frá lögninni að hún mundi ekki hamla gangandi umferð eftir Reykjaveginum. Það væri hægt að gera í samráði Ferðamálasamtök Suðurnesja.

Báðar lagnaleiðirnar munu einnig fara yfir vegslóða (**17-108,112**), lagnaslóða sem fylgir jarðstreng sem lagður var á vegum hersins um 1950. Austari lögnin mun fara tvisvar yfir lagnaslóðann, og liggja mjög nálægt honum á þeim kafla sem rofið verður. Jarðstrengurinn fylgir vegslóðanum í sveigum eftir því sem landið liggur. Ekki eru heimildir eða merki um að þarna hefur verið slóði áður en þessi framkvæmd hersins fór fram 1950. Vegna óreglulegrar legu slóðans má þó vel vera að þarna hafi einhverjum slóða verið fylgt eftir. En eins og kom í ljós á þessu svæði liggja þarna margir ónafngreindi slóðar.

Þá munu báðar leiðir lagnarinnar fara í gegnum slóða, Járngerðarstaðafleggjara (**17-109,113**). Vestari leiðin mun þvera leiðina við ÍSNET punktum 41 og 42.

Austari leiðin mun þvera leiðina við við ÍSNET punkt 47, og liggja nálægt punktum númer: 34, 35, 36 og 37.

Samkvæmt heimildarmanni er þetta forn leið sem lá frá Járngerðarstöðum að Árnastíg, eins og slóðinn sést á loftmyndum í dag. Þessi slóði/leið var síðan að mestu aflögð vegna annara leiða sem komu til. Þar sem hluti leiðarinnar lenti inn á svæði hersins um 1950, hefur hann ekki verið talinn ákjósanlegur sem gönguleið.

Þar sem ekki verður komist hjá því að raska slóðanum við fyrirhugaðar framkvæmdir, verður það að gerast í fullu samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Ótvíræðar fornleifar á skráningarsvæðinu eru rétt (**17-104**) og stekkur (**17-105**). Þessar fornleifar, og þá sérstaklega réttin, eru í mikilli hættu miðað við legu lagnarinnar og lagnavegar, eins og lögnin er hnitsett. Réttin er í um 15 m frá lögninni, en stekkurinn nokkru fjær þar sem hann er 7-8 m vestar en réttin.

Réttin er staðsett í kvos í hrauninu og liggur um 5-6 m neðar en landið þar sem lögnin á að liggja, en fyrirhuguð lega lagnarinnar liggur á hafti milli tveggja kvosa, þar sem vestari kvosin er sú með réttinni, en haftið yfir í austari kvosina er um 30 m breitt. Ekki virðast vera neinar hleðslur í austari kvosinni.

Vegna þessara staðsetninga hafði ég samband við Kristinn Magnússon deildarstjóra hjá Fornleifavernd ríkisins og kynnti málið fyrir honum. Að höfðu samráði við hann lagði hann til að lögnin yrði færð á þessum stað yfir að brún austari kvosarinnar, til að komast hjá röskun við kvosina þar sem réttin er. Einnig sagði hann svo til um, að merkja þyrfi vel í kringum kvosina með réttinni til að raska ekki umhverfi hennar á meðan á framkvæmdum stæði.

Hringlaga steinsettning (**17-114**) með auðu svæði í miðju er ekki í beinni hættu vegna vestari lagnaleiðarinnar, en setja merkingar við hana við framkvæmdir ef austari leiðin verður valin.

Sundavarða (**27-101**) er ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar lagnar.

Þar sem **vestari** lögnin eins og lögnin sem skráð var 2011 mun fara yfir landið neðan Nesvegar út í sjó fer hún yfir reiðveg sem er nýlega lagaður og liggur samhliða Nesvegi á

þeim stað sem lögnin fer yfir. Þá tekur við grasivaxið landið að einhverjum hluta. Ekki eru heimildir um fornleifar og/eða sýnilegar fornleifar á þessu svæði. Ekki er þó hægt að segja til um hvað er undir sverðinum, en þetta voru heimalönd Húsatófta.

Með það í huga ber að gæta að fornleifum sem gætu komið í ljós við lögn lagnarinnar.

Austari lögnin liggur í gegnum landið neðan girðingar sem er rétt ofna við malarnámið vestan Grindavíkur. Á þeirri leið lagnarinnar til sjávar eru ekki heimildir um fornleifar eða sýnilegar fornleifar. En þar sem lögnin liggur út að sjávarmáli um heimaland Húsatóft, ber að hafa í huga að við jarðrask geta komið í ljós fornleifar undir sverðinum.

HEIMILDASKRÁ:

Ferðamálasamtök Suðurnesja: Gönguleið: Árnastígur Skipastígur.

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók, Rv. 1975.

Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar í Reykjanesfólkvangi. Ástand og tillögur til úrbóta, (án útgst.) 1993. Bls. 39, 91.

Gönguleiðakortið "Af stað Reykjanes. Myndakort" Gefið út af Loftmyndum ehf, Laugavegi 13, 101 Reykjavík.

Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972. IV. Bls. 101-102.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. 1-13, Kh. 1913-90; 20 Reykjavík.

Jón Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn 1847. bls. 85.

Sýslulýsingar og sóknarlýsingar, (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III), Reykjavík, 1937-39. Bls. 136, 137, 138.

Þóra Pétursdóttir 2002. Fornleifaskráning í Grindavík 2. áfangi. Bls.32.

Þóra Pétursdóttir 2004. Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi. Bls. 8, 17, 20.

Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Athugasemdir við örnefnaskrá Járngerðarstaða. Sæmundur Tómasson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildarmenn:


Ingvar Þór Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur.

Ólafur Rúnar Þorvarðarson, fv. kennari í Grindavík, Lindarhvammi 6. Hafnarfirði.

Óskar Sævarsson landvörður Reykjanesfólkvangs, Staðarvör 13, Grindavík.

Forsíðumynd:

Fornleifaskrá: 17-106 Steinsetning. 17-103 Járngerðarstaðaafliggjari. 17-105 Stekkurinn.



SVARTSENGI

FÖRGUN AFFALLSVÖKVA TIL SJÁVAR FORNMINJAR

Skýringar:

- ✕ Skráðar fornminjar
- Djúpniðurdælingarsvæði
- Sjávarlögn, tillaga 1
- Sjávarlögn, tillaga 2
- Göngu- og reiðleiðir




Hnitakerfi: ISN93
Mælikvarði: 1:6.000[A3]

VSÓ RÁÐGJÖF

BORGARTÚNI 20 105 REYKJAVÍK SÍMI 585 9000 FAX 585 9010

Hannað: -	Dags.: 22.05.2012		
Teiknað: GHS	Verknr.: 11135		
Yfirf.:	Teikn.nr.: 11135_MAU_p-G-03	Br.	Br.



SVARTSENGI

FÖRGUN AFFALLSVÖKVA TIL SJÁVAR FORNMINJAR

- Skýringar:
- ✕ Skráðar fornminjar
 - Djúpniðurdælingarsvæði
 - Sjávarlögn, tillaga 1
 - Sjávarlögn, tillaga 2
 - - - Göngu- og reiðleiðir

N
Hnitakerfi: ISN93
Mælikvarði: 1:5.000 [A3]

VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20 105 REYKJAVÍK SÍMI 585 9000 FAX 585 9010

Hannað: -	Dags.: 22.05.2012	
Teiknað: GHS	Verknr.: 11135	
Yfirf.:	Teikn.nr.: 11135_MAU_Þ-G-04	Br. Br.